

Frumkvöðlar fá verðlaun



Geðhjálp átti 31 árs afmæli 9. október og við það tilefni afhenti Guðbjartur Hannesson, félags- og tryggingamálaráðherra, frumkvöðlaverðlaun félagsins.

Verðlaunin voru nú afhent í annað sinn, að þessu sinni hlaut Anna Valgarðsdóttir þau fyrir ötula baráttu í þágu geðsjúkra og aðstandenda þeirra um áratuga skeið. Páll Mattíason, framkvæmdastjóri Geðsviðs Landspítalans, hlaut einnig verðlaun fyrir frumkvæði að nýjung í geðheilbrigðisþjónustu með stofnun samfélagsgeðteymis

Í ávarpi til félagsins ræddi ráðherra meðal annars um sameiningu heilbrigðisráðuneytisins og félags- og tryggingamálaráðuneytisins í nýtt velferðarráðuneyti um næstu áramót. Hann sagði að með sameiningunni yrði unnt

að nálgast verkefni á nýjan hátt með aukinni samþættingu, sameiningu stofnana og aukinni samvinnu ríkis og sveitarfélaga. við notendur.

Ráðherra gerði einnig að umtalsefni frumvarp sem lagt verður fyrir Alþingi á haustþinginu vegna flutnings málefna fatlaðra til sveitarfélaganna.

http://www.mbl.is/frettir/innlent/2010/10/11/frumkvodlar_fa_verdlaun/